



Ársfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi, haldinn 30. maí 2017, kl. 15:00, í Kvennaskólanum á Blönduósi.

Mættir eru: Arnar Þór Sævarsson fulltrúi Blönduóbæjar, Valgarður Hilmarsson fulltrúi Laxaseturs Íslands, Jóhanna Erla Pálmadóttir fulltrúi Textílseturs Íslands, Bryndís Práinsdóttir fulltrúi Farskólans á Norðurlandi vestra, Ingibergur Guðmundsson fulltrúi SSNV, Guðmundur R. Stefánsson fulltrúi Landsvirkjunar, Þóra Sverrisdóttir fulltrúi Húnavatnshrepps og Katharina Schneider framkvæmdarstjóri Þekkingarsetursins.

Aðrir gestir voru Jóhanna Magnúsdóttir, Elín Sigurðardóttir og Einar K. Jónsson.

Arnar, formaður stjórnar, setti fund. Arnar lagði til að Valgarður yrði kosinn fundarstjóri. Var það samþykkt samhljóða. Valgarður tók við stjórn fundarins. Valgarður tilnefndi ritara fundsins, Lee Ann Maginnis, starfsmann Þekkingarsetursins, var það samþykkt samhljóða og tók hún til starfa.

Síðan var gengið til dagskrár.

## 1.) Skýrsla stjórnar

Arnar bauð fundarmenn velkomna. Stjórn Þekkingarsetursins skipuðu Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir. Árið 2016 er fjórða heila starfsár Þekkingarsetursins og rekstur Þekkingarsetursins hefur gengið mjög vel. Tekist hefur að tryggja traustan og sterkan fjárhagslegan rekstrargrunn fyrir starfseminu og er Þekkingarsetrið afar vel í stakk búið að takast á við fjölmörg og áhugaverð verkefni í framtíðinni.

Árið 2016 voru 9 stjórnarfundir haldnir á árinu. Starfsemi Þekkingarsetursins hefur vaxið vel og blómstrað. Sérstaðan hér liggur í textíl og hefur mikil sókn verið í starfi tengdum textíl frá stofnun Þekkingarsetursins m.a. með stofnun textíllistamiðstöðvar í samstarfi við Textílsetur Íslands. Sérstaða okkar Þekkingarseturs umfram önnur setur á landsbyggðinni er sérstaðan með textíl. Önnur setur eru á sviði náttúruvísinda og eru einsleit hvað það varðar. Þessi sérstaða styrkir setrið gríðarlega í öllum sínum verkefnum og viðfangsefnum.

Arnar sagði frá því að Rannís hefði veitt Þekkingarsetrinu styrk í samstarfi við Textílsetur Íslands og hefði verkefnið hlotið A1 sem einungis 5 % umsókna sem fá þá einkunn. Arnar þakkaði starfsmönnum Þekkingarsetursins fyrir vinnuna í kringum umsóknina. Núna eru fimm háskólamenntaðir einstaklingar starfandi í Kvennaskólanum í 3,75 starfshlutfalli.

Arnar endaði skýrslu stjórnar á framtíðarsýn Torfunnar. Eigum að stefna af því að Blönduós, héraði allt verði Textíllistamiðstöð Íslands. Við viljum koma Torfunni á kortið og út í heim og að Torfan verði vinsæll ferðamannastaður.

Arnar þakkaði stjórn og starfsmönnum samstarfið á árinu. Skýrsla stjórnar er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins, [www.tsb.is](http://www.tsb.is)

## 2) Skýrsla framkvæmdastjóra

Katharina bauð fundarmenn velkomna. Katharina kynnti starfsemi Þekkingarsetursins fyrir árið 2016 og fór yfir sögu Þekkingarsetursins frá stofnun árið 2012.

Skýrsla framkvæmdarstjóra er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins, [www.tsb.is](http://www.tsb.is).

### **3) Afgreiðsla reikninga**

Arnar kynnti ársreikning fyrir árið 2016.

Gjöld eru kr. 33.984.672 og tekjur eru kr. 35.488.570. Hagnaður ársins að teknu tilliti til fjármunatekna og -gjalda er kr. 1.541.707. Seinni hluti viðbótarframlags frá ríkinu bókast á árið 2017.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða með fyrirvara um svör frá endurskoðanda, sem bárust daginn eftir.

### **4) Skipun stjórnar**

Samkvæmt samþykktum er stjórn kosinn til tveggja ára. Tilkynnt eru um skipun stjórnar á síðasta ársfundi Þekkingarsetursins:

Arnar Þór Sævarsson formaður, fulltrúi Blönduósbæjar, Valgarður Hilmarsson, fulltrúi Laxaseturs Íslands og Þóra Sverrisdóttir, fulltrúi Húnavatnshrepps.

Varamenn: Berglind Björnsdóttir og Erla Ísafold Sigurðardóttir.

### **5) Kosning endurskoðenda**

Þorsteinn Þorsteinsson frá KPMG.

### **6) Þóknun til stjórnarmanna**

Tillaga sú sama og fyrir árið 2015. 10.000 kr. eru greiddar fyrir fund. Stjórnarformaður þiggur ekki þóknun.

### **7) Tillögur um breytingar á samþykktum**

Engar tillögur liggja fyrir fundinn

### **8) Starfs- og rekstraráætlun**

Katharina kynnti verkefni ársins og fór yfir starfsáætlun fyrir árið 2017, en hana má finna á heimasíðu Þekkingarsetursins, [www.tsb.is](http://www.tsb.is)

### **9) Önnur mál**

Landsvirkjun hrósaði framkvæmdarstjóra fyrir vel unninn störf og hversu mikilvægt væri að halda starfseminni gangandi. Verkefni og ársreikningur sýndi það vel hversu gott starf er unnið í Þekkingarsetrinu.

Önnur mál voru engin.

Valgarður sleit fundi kl. 16:15 og þakkaði fyrir góðan fund.